

## Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ 2005

Atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar



Framkvæmd af Netheimum ehf

Í samstarfi við Atvinnumálafulltrúa Ísafjarðarbæjar og AtVest

## 1. Inngangur

Atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar hefu um nokkurt skeið unnið að mótun atvinnustefnu fyrir bæjarfélagið og í þeirri vinnu dregið saman þau gögn sem þegar hafa legið hafa fyrir. Meðal þeirra upplýsinga sem fyrir lágu var skýrsla með niðurstöðum úr atvinnukönnun frá árinu 2003 sem nær yfir rekstrarárin 2001 og 2002. Við úrvinnslu gagna vegna stefnumótunar var tekin sú ákvörðun að endurtaka atvinnulífskönnun svo hægt væri að meta stöðu og þróun atvinnulífs með hliðsjón af fyrri könnun.

Til þess að fá marktækan samanburð milli þessarra kannana eru spurningar og valkostir svara nánast þeir sömu í meginhluta könnunar, frávik er í síðasta hluta þar sem nú er leitað eftir upplýsingum um vöruþróun, markaðssetningu og umhverfisvitund.

Eins og í fyrri könnun eru þættir eins og mat á fjölda ársverka, tegund starfsemi, stöðu fyrirtækja ásamt þróun afkomu og horfum, sem helst er litið til. Einnig er leitast við að fá fram viðhorf til almennra ytri þátta sem öðru fremur snerta það sem kallað hefur verið almenn rekstrar- og búsetuskilyrði.

## 2. Framkvæmd og úrvinnsla

Framkvæmd könnunar var svipuðu sniði nú en þó voru gerðar nokkrar breytingar á gagnagrunni ásamt því að nú var sett upp sérstök vefsíða með ítarlegri upplýsingum en í fyrri könnun. Til að mynda gafst nú tækifæri á að skoða könnun í heild sinni á PDF-sniði áður en könnun var svarað ásamt þeim möguleika að prenta út könnun beint á Word-formi og skila skriflega.

Send voru út gögn til 306 aðila og við endurskoðun eftir að hafa fengið viðbrögð og ábendingar þá voru 18 aðilar sem ekki voru lengur í rekstri eða höfðu ekki hafið rekstur á þeim árum sem könnun náði til. Um 98 voru með rekstur á eigin kennitölu og einungis 12 þeirra svöruðu könnun sem er afleitt svarhlutfall en svo var reyndar einnig í fyrri könnun. Alls tóku 88 aðilar þátt í könnun og þegar tekið hefur verið tillit til ofangreindra upplýsinga má segja að um 76 fyrirtæki af um 202 hafi tekið þátt sem er um 38% svarhlutfall sem ekki er heldur viðunandi.

Eins og í fyrri könnun var reynt að meta hve hátt hlutfall launþega á vinnumarkaði eru starfandi hjá þeim fyrirtækjum sem þátt tóku í könnun. Miðað er við að um 2100 launþegar séu virkir á vinnumarkaði og könnun hafi náð til fyrirtækja sem hafi um 1700 starfsmenn á launaskrá þá er það hlutfall um 80% sem telja verður vísbendingu um að í úrtaki séu langflest af stærstu fyrirtækjum í bæjarfélaginu.

Þann fyrirvara verður að setja á samanburð milli kannanna að flokkun einstakra aðila getur hafa færst milli flokka og einnig ber að líta á að samsetning úrtaks er að nokkru leyti ólík.

### 3. Niðurstöður

Skipta má könnuninni upp í fimm flokka, þar sem spurningar;

0 – 4 taka til tegundagreiningar og meðalfjölda starfsmanna

5 – 9 tengjast einstökum þáttum starfsmannamála rekstraraðila

10 – 14 tengjast mati forsvarsmanna á stöðu og horfum í rekstri

15 – 16 leita eftir viðhorfum til þátta í innra og ytra umhverfi fyrirtækja

17 – 24 meta markaðssetningu, vöruþróun og umhverfisvitund fyrirtækja

Valin er sú leið að birta niðurstöður í hverjum flokki á myndrænu formi og draga síðan saman markverðustu upplýsingar í lok hvers flokks.


Undantekningu frá þessu er þó að finna við spurningar í flokkum 3.1 og 3.4 enda um að ræða mjög umfangsmiklar spurningar sem rétt þótti að skoða sérstaklega.

#### 3.1. Tegundagreining starfsemi og fjöldi starfsmanna (0 – 4)

Hlutfall hverrar starfsemistegundar er reiknað sem hlutfall af heildarfjölda stöðugilda í könnuninni.

Helsti munur á framsetningu frá fyrri könnun er sá að sundurgreining er minni á yfirlitsmynd en til eru nákvæmari upplýsingar í undirgögnum.

#### Tegund starfsemi



## Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ

Opinber starfsemi er sem fyrr stærsti flokkur starfsemisgreiningar og skiptist í nokkuð jöfnum hlutföllum milli ríkis (19%) og sveitarfélags (21%) og fyrr. Hér er þó nokkurt frávik frá síðustu könnun sem skýrist fyrst og fremst af ólíkri flokkun starfsemi. Milli ára eru þær breytingar helstar að stöðugildum fækkar örlítið (<1%) hjá sveitarfélagi en fjölga hjá ríki (~3%).


Hlutfall stöðugilda í *Fiskvinnslu/Útgerð* er nokkru lægri (16%) en í fyrri könnun sem skýrist aðallega af því að nokkur stærri fiskvinnslufyrirtæki tóku ekki þátt í könnun. Fjöldi stöðugilda er nánast óbreytt milli ára.

Undir flokkinn *Verslun/þjónusta* er einnig settir flokkarnir *Ferðaþjónusta/Samgöngur* og *Bankar/Önnur fjármálastarfssemi* en þeir voru sundurliðaðir sérstaklega áður. Rökin eru þau að hér er einnig um þjónustustarfsemi að ræða og ekki sérstök ástæða að sundurgreina sérstaklega í samantekt. Um 3% fjölgun er milli ára í þessum flokki.

Hlutfall iðnaðar er svipað og í fyrri könnun þrátt fyrir að einhver af stærri iðnfyrirtækjum vanti í úrtak á móti komu önnur inn sem ekki voru í fyrra úrtaki. Stöðugildum fjölga um ~ 22% milli ára og vegur fjölgun í byggingariðnaði mest þó einnig fjölgi í öðrum greinum iðnaðar.

Í flokknum *Annað* eru flokkuð ýmis fyrirtæki sem ekki töldu sig falla undir ofangreinda flokka og vega þar þyngst ýmis verktakastarfssemi auk þess sem Orkubú Vestfjarða hf er flokkað hér.

### Meðalfjöldi starfsmanna/stöðugilda 2003 - 2004




## Atvinnulífskönnun í Ísafjarðarbæ

Eins og fram kemur á súluriti er nokkur aukning í starfsmannahaldi milli ára hjá þeim fyrirtækjum sem þátt tóku í könnun eða um rúm 3% . Nokkru færri starfsmenn/stöðugildi eru í heild en var í síðustu könnun sem skýrist af því að færri fyrirtæki tóku þátt í þetta sinn. (Sjá umfjöllun í Framkvæmd og Úrvinnsla að framan)


### 3.2. Starfsmannamál (5 – 9)

Í þessum hluta eru ýmsir þættir starfsmannamála skoðaðir.


#### 5. Eru miklar árstíðarbundnar sveiflur í starfsmannafjölda?




#### 6. Hverjar eru horfur á yfirstandandi ári varðandi fjölda starfsmanna?




7. Hafa verið erfiðleikar við að fá fólk til starfa?



8. Ef svarið var já við spurningu 7, merktu þá við hvaða hópur lýsir best menntun/eiginleikum starfsmanna sem leitað var eftir



### 9. Hefur fyrirtækið mótaða starfsmannastefnu?




Niðurstöður hér eru að mestu í samræmi við fyrri könnun helstu frávík eru þau að nokkru meiri árstíðarbundin sveifla virðist vera í starfsmannafjölda og nokkru erfiðara virðist að fá hæft starfsfólk.


### 3.3. Ástand og horfur (10 – 14)

Þessum hluta könnunar er ætlað að kanna hvernig ástand og horfur eru varðandi rekstur þegar litið er til þátta eins og verkefnastöðu, veltu og afkomu.


### 10. Hver(t) er verkefnastaða/umfang starfsemi miðað við sama tíma fyrir ári síðan?




11. Hefur velta fyrirtækis/reksturs breyst síðustu tvö ár?




12. Hvernig var afkoma fyrirtækis/reksturs á síðasta ári (2004)?



13. Hvernig metur þú horfur á afkomu fyrirtækis/reksturs á þessu rekstrarári?



14. Hvaða þættir hafa neikvæðust rekstarleg áhrif?



Ef borið er saman við fyrri könnun er hér aftur mikill samhljómur í niðurstöðum en þó eru hér nokkur eftirtektarverð frávík, þau helstu eru;


## Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ

- Mun herra hlutfall fyrirtækja er að skila viðunandi eða góðri rekstrarniðurstöðu en í fyrri könnun.
- Nærri tvöfalt herra hlutfall þátttakenda telur Flutningskostnað/Samgöngur vera mjög neikvæðan þátt rekstrarlega.
- Nærri helmingi færri telja að skortur á sérhæfðu starfsfólki sé mjög neikvæður rekstrarlegur þáttur, sem er umhugsunarvert í ljósi niðurstöðu úr spurningu 7 að framan.
- Hlutfall þeirra sem völdu kostinn *Annað* er svipaður og í fyrri könnun en nú gafst kostur á að tilgreina hverjir þeir þættir væru en það skilaði litlu þar sem flest svör reyndust heyra undir aðra tilgreinda flokka.

### 3.4. Ýmsir ytri þættir í rekstrarumhverfi fyrirtækja


16. Nú verða taldir upp nokkrir þættir í rekstrarumhverfi fyrirtækja þar sem sveitarfélagið hefur bein áhrif á. Gefðu einkunn í hverju tilviki á bilinu 1 til 5. Einkunnin 1 merkir að þætti er mjög ábótavant og einkunnin 5 að þáttur sé til fyrirmyndar.

Aðgengi að stjórnsýslu




# Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ


## Skilvirkni stjórnsýslu



## Þjónustugjöld




## Fasteignagjöld



## Atvinnulífskönnun í Ísafjarðarbæ


Markaðssetning bæjar



Almennt verður að telja þessa niðurstöðu í heild vel ásættanlega fyrir stjórnendur bæjarfélagsins og nokkru betri en í fyrri könnun. Í fyrri könnun var síðasti hlutinn frábrugðinn því þá hét valkosturinn Atvinnustefna/-þróun en ber yfirskriftina Markaðssetning bæjar hér og hefur því breiðari skírskotun.


**17. Eftirtaldir þættir í þjónustu og afþreyingu í sveitarfélaginu hafa áhrif á búsetuskilyrði íbúa og skipta því miklu í samkeppni fyrirtækja um hæft starfsfólk. Gefðu framboði/gæðum einstakra þátta einkunn með sama hætti og í spurningunni að ofan.**

Dagvistun/menntun




# Atvinnulífskönnun í Ísafjarðarbæ




## Íþróttta-/tómstundastarf




## Menningarframboð



# Atvinnulífskönnun í Ísafjarðarbæ



## Atvinnulífskönnun í Ísafjarðarbæ




Almennt verður að segja að þessi útkoma á viðhorfi til búsetuskilyrða sé mjög góð sem var reyndar einnig raunin í síðustu könnun og eina verulega frávikið er í viðhorfi til samgangna þar sem 49% telja þeim verulega ábótavant en hlutfallið síðast var 36%.


### 3.5 Vöruþróun, markaðssetning og umhverfisvitund

Ákveðið var að gera könnun á stöðu þróunar- og markaðsstarfs auk þess sem viðhorf til umhverfisvitundar eru könnuð. Þessir þættir voru ekki kannaðir í fyrri könnun en þótti áhugavert að skoða að þessu sinni.


#### 17. Er markvisst unnið að þróun/nýsköpun innan þíns fyrirtækis/stofnunar?




18. Ef svarið er já að ofan, í hverju felst sú þróun/nýsköpun?




19. Er markvisst unnið að markaðssetningu fyrirtækis/stofnunar?



20. Eru miklar sveiflur í tekjuflæði rekstrar innan rekstrarárs?




21. Verður þú var við mikla tekjuaukningu á hinum hefðbundna ferðamannatíma (maí – ágúst)?




22. Hver eftirfarandi fullyrðinga á best við um rekstrartekjur vegna sölu vöru/þjónustu?


Megin hluti tekna er vegna sölu:



23. Hefur fyrirtækið/stofnunin markað sér umhverfisstefnu varðandi t.d. innkaup rekstrarvara eða öðrum þáttum í rekstri?



24. Telur þú mikilvægt að Vestfirðir afli sér umhverfislegar viðurkenningar sem svæði þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi við atvinnusköpun og nýtingu auðlinda



Erfitt er að draga miklar ályktanir af niðurstöðum þessa hluta en þó virðist almennt mega segja að fyrirtæki í Ísafjarðarbæ séu að vinna nokkuð meðvitað þróunarstarf. Markaðsstarf hjá t.d. opinberum aðilum er kannski erfitt að skilgreina nákvæmlega og skýrir það hugsanlega þá niðurstöðu að einhverju leyti. Almennt verður þó að segja að þörf væri á mun nákvæmari könnun um þessa þætti svo draga mætti ályktanir að einhverju marki.

Tekjuflæði ásamt skiptingu og dreifingu þess innan tekjuárs er svipað og búast mátti við. Í spurningu 21 er verið að kanna hvort merkja megi aukna veltu á hefðbundnu ferðamannatímabili, hér verður að hafa í huga að slík aukning myndi helst mælast hjá þjónustuaðilum í verslun og ferðaþjónustu.

Um umhverfisþætti er niðurstaðan einnig nokkuð í samræmi við það sem búast hefði mátt við. Nokkuð almennt virðast menn telja að viðurkenningu á Vestfjörðum sem sjálfbærri svæði mikilvæga sem hluti af ímynd svæðis.

**Viðauki**

Atvinnulífsskönnun\_2005

Upplýsingar um fyrirtæki – Tegund starfsemi

Heiti fyrirtækis/reksturs: \_\_\_\_\_

Heimilsfang: \_\_\_\_\_

Nafn forsvarsmanns/tengiliðs: \_\_\_\_\_

Netfang/sími forsvarsmanns/tengiliðs: \_\_\_\_\_

Stofnár fyrirtækis/reksturs? \_\_\_\_\_ Veffang? \_\_\_\_\_

---

Tegund starfsemi

- |   |   |
|---|---|
| <input type="checkbox"/> Bankastarfsemi           | <input type="checkbox"/> Landbúnaður              |
| <input type="checkbox"/> Önnur fjármálastarfsemi  | <input type="checkbox"/> Verslun                  |
| <input type="checkbox"/> Opinber starfsemi – Ríki | <input type="checkbox"/> Önnur þjónusta           |
| <input type="checkbox"/> Opinber starfsemi – Bær  | <input type="checkbox"/> Fiskvinnsla              |
| <input type="checkbox"/> Iðnaður – þjónusta       | <input type="checkbox"/> Önnur matvælaframleiðsla |
| <input type="checkbox"/> Iðnaður – framleiðsla    | <input type="checkbox"/> Smábátaútgerð (< 6 tonn) |
| <input type="checkbox"/> Byggingariðnaður         | <input type="checkbox"/> Útgerð önnur             |
| <input type="checkbox"/> Ferðaþjónusta            | <input type="checkbox"/> Annað                    |
| <input type="checkbox"/> Samgöngur                | Hvað? _____                                       |

---

1. Meðalfjöldi starfsmanna á árinu 2003? \_\_\_\_\_

2. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu 2003? \_\_\_\_\_

3. Meðalfjöldi starfsmanna á árinu 2004? \_\_\_\_\_

4. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu 2004? \_\_\_\_\_

5. Eru miklar árstíðabundnar sveiflur í starfsmannafjölda?

- Já       Nei

6. Hverjar eru horfur á yfirstandandi ári varðandi fjölda starfsmanna?

- Fjölgun     Óbreyttur       Fækkun

7. Hafa verið erfiðleikar við að fá fólk til starfa?

- Já       Nei

8. Ef svarið var já við spurningu 7, merktu þá við hvaða hópur lýsir best menntun/eiginleikum starfsmanna sem leitað var eftir.

- Ófaglærðir                       Iðnmenntaðir                       Aðrir sérhæfðir
- Háskólamenntaðir

9. Hefur fyrirtækið mótaða starfsmannastefnu?

- Já       Nei

10. Hver(t) er verkefnastaða/umfang starfsemi miðað við sama tíma fyrir ári síðan?

- Betri/Aukið                       Óbreytt                       Dregist saman

11. Hefur velta fyrirtækis/reksturs breyst síðustu tvö ár?

- Aukist                       Óbreytt                       Minnkað

12. Hvernig var afkoma fyrirtækis/reksturs á síðasta ári (2004)?

- Hagnaður                       Á núlli                       Tap

13. Hvernig metur þú horfur á afkomu fyrirtækis/reksturs á þessu rekstarári?

- Verður betri       Svipuð       Verður lakari

14. Hvaða þættir hafa neikvæðust rekstrarleg áhrif?

- Flutningskostnaður/Samgöngur     Aðgengi að fjármagni  
 Skortur á sérhæfðu starfsfólki     Gengisþróun  
 Opinber gjöld og álögur             Aðrir

Ef svarið var „Aðrir“ þá hverjir? \_\_\_\_\_

---

---

---

---

---

15. Nú verða taldir upp nokkrir þættir í rekstrarumhverfi fyrirtækja þar sem sveitarfélagið hefur bein áhrif á. Gefðu einkunn í hverju tilviki á bilinu 1 til 5. Einkunnin 1 merkir að þætti er mjög ábótavant og einkunnin 5 að þáttur sé til fyrirmyndar.

	5	4	3	2	1
Aðgengi að stjórnarsýslu	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Skilvirkni stjórnarsýslu	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Þjónustugjöld	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Fasteignagjöld	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ímyndarsköpun bæjar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

16. Eftirtaldir þættir í þjónustu og afþreyingu í sveitarfélaginu hafa áhrif á búsetuskilyrði íbúa og skipta því miklu í samkeppni fyrirtækja um hæft starfsfólk. Gefðu framboði/gæðum einstakra þátta einkunn með sama hætti og í spurningunni að ofan.

## Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ

	5	4	3	2	1
Dagvistun/menntun	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Æskulýðs-/íþróttastarf	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Menningarframboð	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Heilsugæsla	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Verslun/vöruverð	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Húsnæðismarkaður	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Samgöngur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Næstu spurningum er ætlað að draga fram upplýsingar um ýmsa rekstrarþætti fyrirtækja/stofnana. Niðurstöður úr þessum hluta verða notaðar til þess að meta hvort farið verður út í nýja könnun sem afmarkast við þessa þætti eingöngu.

Svörun er valkvæð og byggir á mati hvers og eins forráðamanns hvort þessar spurningar eigi við þeirra fyrirtæki/stofnun.

17. Er markvisst unnið að þróun/nýsköpun innan þíns fyrirtækis/stofnunar?

- Já  Nei

18. Ef svarið er já að ofan, í hverju felst sú þróun/nýsköpun?

- Kerfisbundin endurskoðun innri þátta í rekstri  
 Þróun nýrrar framleiðsluvöru/þjónustu

19. Er markvisst unnið að markaðssetningu fyrirtækis/stofnunar?

- Já  Nei

20. Eru miklar sveiflur í tekjuflæði rekstrar innan rekstrarárs?

- Já  Nei

21. Verður þú var við mikla tekjuaukningu á hinum hefðbundna ferðamannatíma (maí – ágúst)?

- Já  Nei

22. Hver eftirfarandi fullyrðinga á best við um rekstrartekjur vegna sölu vöru/þjónustu?

- Megin hluti tekna er vegna sölu innan Vestfjarða
- Nokkuð jöfn skipting tekna er vegna sölu innan og utan Vestfjarða
- Megin hluti tekna er vegna sölu utan Vestfjarða

23. Hefur fyrirtækið/stofnunin markað sér umhverfisstefnu varðandi t.d. innkaup rekstrarvara eða öðrum þáttum í rekstri?

- Já
- Nei

24. Telur þú mikilvægt að Vestfirðir afli sér umhverfislegar viðurkenningar sem svæði þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi við atvinnusköpun og nýtingu auðlinda?

- Já
- Frekar
- Nei

Þá er þessari könnun lokið og við þökkum þér fyrir þitt framlag.